

**Sp. 482. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]**

um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972.

(Lögð fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 23 16. apríl 1970, að árin 1971—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

**I. ÁÆTLUN UM TEKJUR**

(Fjárhæðir í millj. króna.)

<b>Tekjur af:</b>	1971	1972	
1.1. Benzínjaldi .....	613.1	661.8	
1.2. Þungaskatti .....	197.7	206.4	
1.3. Gúmmíjaldi .....	44.0	47.3	
1.4. Ríkisframlag .....	47.0	47.0	
	<hr/>	<hr/>	
	Brúttó tekjur	901.8	962.5
<b>Endurgreiðslur af:</b>			
1.1.1. Benzínjaldi .....	14.0	19.4	
1.2.1. Þungaskatti .....	4.0		
	<hr/>	<hr/>	
	Nettó tekjur	883.8	943.1

**II. SKIPTING ÚTGJALDA**

(Fjárhæðir í millj. króna.)

<b>2.1. Stjórn og undirbúningur:</b>				
1. Launagreiðslur .....	24.6	29.3		
2. Eftirlaunagreiðslur .....	2.5	3.1		
3. Skrifstofukostnaður .....	7.0	7.2		
4. Verkfræðilegur undirbúningur .....	4.8	4.8		
5. Umferðartalning og eftirlit .....	2.3	2.3		
	<hr/>	<hr/>	41.2	46.7
<b>2.2. Viðhald þjóðvega:</b>				
1. Viðhaldskostnaður þjóðvega .....	250.0	250.0		
2. Vegmerkingar .....	1.8	1.8		
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	9.6	10.6		
	<hr/>	<hr/>	261.4	262.4

2.3. Til nýrra þjóðvega:	1971	1972	
1. Hraðbrautir .....	162.1	195.5	
2. Þjóðbrautir .....	66.1	73.5	
3. Landsbrautir .....	79.6	61.8	
4. Til girðinga og uppgræðslu .....	4.7	4.7	
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	10.2	13.1	
6. Til rannsókna á Skeiðarársandi .....	1.3	1.4	
7. Til nýrra framkvæmda í 2.3.2. og 2.3.3. ....	39.2	32.8	
	-----	-----	363.2    382.8
2.4. Til fjallvega o. fl.:			
1. Aðalfjallvegir .....	1.2	1.2	
2. Aðrir fjallvegir .....	1.7	1.8	
3. Reiðvegir .....	0.2	0.2	
4. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	0.2	0.2	
	-----	-----	3.3    3.4
2.5. Til brúargerða:			
1. Brýr 10 m og lengri .....	49.0	45.9	
2. Smábrýr .....	8.2	10.3	
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl. ....	2.1	2.4	
	-----	-----	59.3    58.6
2.6. Til sýsluvegasjóða .....	21.2	27.0	
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum .....	85.5	93.5	
2.8. Til véla- og áhaldakaupa:			
1. Til véla- og verkfærakaupa .....	15.0	16.0	
2. Til byggingar áhaldahúsa .....	4.0	4.0	
	-----	-----	19.0    20.0
2.9. Til tilrauna í vegagerð .....	4.5	4.7	
2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun:			
Halli á vegáætlun 1969 .....	25.2		
	-----	-----	883.8    899.1
Halli á vegáætlun 1970 .....			73.8
			-----
			972.9
Halli .....			29.8
			-----
			943.1

#### IV. FLOKKUN VEGA

##### 3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

###### C. Vestfjarðakjördæmi.

###### C 21 Súgandafjarðarvegur:

Í stað „að Suðureyri“ komi: um Suðureyri að sýsluvegamótum utan við Spilli.

###### E. Norðurlandskjördæmi eystra.

###### E 5 Svarfaðardalsvegur:

Á eftir „að Atlastöðum“ komi: með álmu að Hæringsstöðum.

E 28 **Laxárdalsvegur:**

Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

E 29 **Fagranesvegur:**

Í stað „Af Reykjahverfisvegi“ komi: Af Hvammavegi.

*G. Suðurlandskjördæmi.*

G 31 **Þjórsárdalsvegur:**

Í stað „að Ásólfstöðum“ komi: að vegamótum að Stöng austan Fossár.

**3.3. Aðalfjallvegir.**

**3.3.4. Sprengisandsleið:**

Í stað orðanna í fyrstu mgr. „hjá Haldi, Búðaháls“ komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl.

Eftir annarri mgr. komi ný málsgrein:

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir Brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Vesturdalsveg (D 28) hjá Litlu-Hlíð.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

**I. UM TEKJUÁÆTLUN**

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, sem lagt var fram á Alþingi í desember 1970 og samþykkt sem lög í sama mánuði, var gerð ítarleg grein fyrir áætluðum tekjum af benzínjaldi, þungaskatti og gúmmíjaldi fyrir árin 1971 og 1972, og þykir ekki ástæða til að rekja það að nýju hér.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 er 47 m.kr. fjárveiting til vegasjóðs í samræmi við 89. gr. vegalaga, og er hér færð tekjumegin sama fjárveiting fyrir árið 1972, enda verður sú fjárhæð til endurskoðunar á komandi hausti, þegar fjárlög verða afgreidd og ný vegáætlun undirbúin.

**II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA**

**2.1. Stjórn og undirbúningur.**

**1. Launagreiðslur fastra starfsmanna.**

Launagreiðslur fastra starfsmanna eru miðaðar við sama starfsmannafjölda og verið hefur, með þeirri viðbót, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972, sbr. fylgiskjal 2.1. 1—02 með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—72. Enn fremur er miðað við nýgerða kjarasamninga við opinbera starfsmenn og niðurröðun í launaflokka í samræmi við þá.

Af heildarhækkuninni á þessum lið eru um 2 m.kr. hvort áranna 1971 og 1972 vegna þess, að lífeyrissjóðsgreiðslur, slysatryggingagjöld og launaskattur vegna fastra starfsmanna koma nú til greiðslu á þessum lið, en voru áður greiddar með beinum fjárveitingum í fjárlögum fyrir alla fasta ríkisstarfsmenn í heild. Breyting í þessu efni var fyrst gerð með fjárlögum fyrir árið 1971.

Tekið skal fram, að töluverður hluti af launagreiðslum fastra starfsmanna, svo sem verkstjóra, á að réttu lagi heima undir liðunum 2.2 og 2.3 og kemur því sem raunveruleg viðbót við framkvæmdafé á þessum liðum. Væri eðlilegra að telja þann launakostnað undir réttum framkvæmdaliðum, en ekki hefur þótt ástæða til að gera það fyrir þetta eina ár, þó að það verði tekið til athugunar fyrir nýja vegáætlun fyrir árin 1972—75.

## 2. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslur eftirlauna til verkstjóra og verkstjóraekkna. Nemur hækkunin á þessum lið um 1 m.kr., sem stafar af því, að eftirlaun í fyrri vegáætlun voru miðuð við 12. launaflokk, en það var lægsti launaflokkur verkstjóra, en samkvæmt hinum nýju kjarasamningum hækka þeir verkstjórar í 15. launaflokk, og hefur þótt rétt að miða eftirlaun við það.

## 3. Skrifstofukostnaður.

Um 2 m.kr. hækkun er á þessum lið og stafar sú hækkun að mestu af verðbreytingum. Þó er gert ráð fyrir því, að Vegamálaskrifstofan þurfi að leigja nokkurt viðbótarhúsnæði vegna fjölgunar starfsfólks samkvæmt gildandi vegáætlun, og er kostnaður við þá aukningu áætlaður um 0.5 m.kr. á ári.

## 4. Verkfræðilegur undirbúningur.

Hér er eingöngu um 20% hækkun á kostnaði að ræða vegna verðhækkana.

## 5. Umferðartalningar og eftirlit.

Hækkun á þessum lið er um 0.8 m.kr. Af þeirri hækkun eru 0.3 m.kr. vegna verðhækkana, en 0.5 m.kr. vegna aukningar á umferðartalningum, sem heitið var í sambandi við lánssamninga við Alþjóðabankann vegna hraðbrautaframkvæmda.

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við vegaeftirlit að undanskildum hækkunum vegna verðlagsbreytinga.

## 2.2. Viðhald þjóðvega.

### 1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Í vegáætlun fyrir árið 1971 var viðhaldskostnaður þjóðvega áætlaður 206.9 m.kr., en fyrir árið 1972 211.9 m.kr.

Svo sem fram kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1970 reyndist viðhaldskostnaður þjóðvega það ár um 219 m.kr., og var það um 22 m.kr. hærri upphæð en fjárveiting til vegaviðhaldsins það ár í vegáætlun, og eru orsakir þessarar umframeyðslu nánar raktar í skýrslunni.

Með hliðsjón af raunverulegum viðhaldskostnaði á árinu 1970 er gert ráð fyrir, að viðhaldskostnaður með tilliti til hækkana, sem orðið hafa, verði á árinu 1971 um 241.5 m.kr.

Í láni því til kaupa á vegagerðarvélum, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum jafnhliða láni til hraðbrautaframkvæmda og nemur um 45 m.kr., er einn stærsti liðurinn ætlaður til kaupa á nýrri mulningsvélsamstæðu til vinnslu á slitlagi í malarvegi. Mulningsvélar þessar kosta um 15 m.kr., og er gert ráð fyrir, að vél þessi verði staðsett á Norðurlandi til vinnslu malar í slitlag frá Holtavörðuheidi í Norður-Þingeyjarsýslu. Sams konar mulningsvélsamstæða hefur verið rekin á Suður- og Vesturlandi allt frá árinu 1966 með mjög góðum árangri.

Þá er og gert ráð fyrir því, að nokkru minni mulningsvélsamstæða, sem notuð hefur verið á Norðurlandi um nokkurt árabíl, verði flutt til Austurlands, en keypt verði lítil mulningsvélsamstæða af sveitarfélögum á Austurlandi og hún notuð við vinnslu malar á Vestfjörðum, sökum þess að hún er tiltölulega auðveld í flutningi. Aukinn tilkostnaður við rekstur framangreindra mulningsvélsamstæðna á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum er áætlaður um 8.5 m.kr. Er enginn vafi á því, að verulegar umbætur fást í vegaviðhaldi við notkun unnins efnis í slitlag veganna.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir, að fjárveiting til vegaviðhalds á árinu 1971 verði alls 250 m.kr. Á árinu 1972 er miðað við sömu upphæð á þessum lið.

### 2. Vegmerkingar.

Fjárveiting á þessum lið er áætluð 1.8 m.kr., og er þar um 300 þús. kr. hækkun að ræða, m. a. vegna verðbreytinga.

### 3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.

Hækkun á þessum lið vegna vísitölubreytinga nemur um 23%. Auk þess bætist við Hfeyrissjóðsgjald vegna verkamanna, sem nemur 3% á þessu ári og 4.5% á árinu 1972. Samtals verður hækkunin fyrir árið 1971 um 50% á þessum lið, en um 60% á árinu 1972 miðað við fjárveitingar á þessum lið í veg-  
áætlun fyrir þau ár.

#### 2.3. Til nýrra þjóðvega.

##### 2.3.1. Til hraðbrauta.

Hækkun á framlagi til hraðbrauta á árinu 1971 nemur 62.1 m.kr. Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi í desember s. l., var áætlað að framlag til hraðbrauta þyrfti að hækka um 76.3 m.kr. á árinu 1971, en 74.1 m.kr. á árinu 1972 til þess að vegasjóður gæti á þessum árum lagt fram helming kostnaðar við hraðbrautaframkvæmdir á Suðurlands- og Vesturlandsvegi á móti láni Alþjóðabankans til þessara vega, en það nemur 50% af kostnaði við beinar framkvæmdir og eftirlit með þeim. Enn fremur var í þessari hækkun reiknað með greiðslu vaxta og afborgana af 150 m.kr. láni til hraðbrautaframkvæmda á Suðurlands- og Vesturlandsvegi á árunum 1969 og 1970. Áfallinn kostnaður, sem greiða þurfti með bráðabirgðaláni þessu, nam um 133 m.kr. í desember s. l., og var sá kostnaður greiddur með bráðabirgðaláni í Seðlabankanum, en það lán síðan endurgreitt með erlendu láni til 15 ára, sem tekið var 15. janúar s. l. til þessara og annarra framkvæmda. Þar sem lán þetta er afborganalaust fyrstu fjögur árin og fyrstu vaxtagreiðslur falla eigi fyrr en á árinu 1972 lækkar fjárþörf til hraðbrautaframkvæmda frá því, sem gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi um breytingu á vegalögum, um 14.2 m.kr. á árinu 1971 og 3.6 m.kr. á árinu 1972.

##### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

Tillaga um hækkun fjárveitinga til þjóðbrauta fyrir árin 1971 og 1972 sundurliðast þannig:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Ár	Fjárv. í vegáætlun	Vegna verðhækkana 17.5%	Vegna nýrra skuldbindinga	Fjárv. alls
1971 .....	55.3	9.7	1.1	66.1
1972 .....	72.5		1.0	73.5

Hækkun á fjárveitingum vegna verðhækkana nema 17.5% eins og að framan greinir fyrir árið 1971.

Hækkun vegna nýrra skuldbindinga stafar af því, að til þess að unnt væri að ljúka framkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun á árinu 1970 var tekið 11.8 millj. kr. framkvæmdalán samkvæmt framkvæmdáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár. Lán þetta skiptist þannig, að til þjóðbrauta fóru 5.1 m.kr., en til landsbrauta 6.7 m.kr. Þjóðbrautir þær, sem hér um ræðir, eru Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar, vegur um Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði. Vextir og afborganir af þessum lánum til þjóðbrauta nema alls 1.1 m.kr. á árinu 1971, en 1.0 m.kr. á árinu 1972.

##### 2.3.4 Til landsbrauta.

Tillaga um hækkun á fjárveitingum til landsbrauta sundurliðast, eins og hér greinir:

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Ár	Fjárv. í vegáætlun	Vegna verðhækkana 17.5%	Vegna nýrra skuldbindinga	Fjárv. alls
1971 .....	63.3	11.1	5.2	79.6
1972 .....	56.9		4.9	61.8

Hækkun vegna verðhækkana nemur 17.5% fyrir árið 1971, eins og að framan greinir.

Hækkun vegna nýrra skuldbindinga að upphæð 5.2 m.kr. á árinu 1971 sundurliðast þannig:

1. Vextir og afborganir af 6.7 m.kr. framkvæmdaláni, sem tekið var árið 1970 til þess að ljúka Vestfjarðaáætlun, sbr. lið 2.3.2. Lán þetta fór til Súganda-fjarðarveggar og Bolungarvíkurveggar, og nema vextir og afborganir af því 1.5 m.kr. á árinu 1971, en 1.3 m.kr. á árinu 1972.
2. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar, um vegáætlun fyrir árin 1969—72, lið 2.3.2., er frá því greint, að umsamið hafi verið við Landsvirkjun, að Vega-sjóður endurgreiddi helming kostnaðar við endurbyggingu Skeiða- og Gnúp-verjavega, sem framkvæmd var á árunum 1966 og 1967 eða alls 12 m.kr. Var í þessu skyni tekin upp fjárveiting í gildandi vegáætlun til Skeiða- og Gnúp-verjavega að upphæð alls 1.6 m.kr. Snemma árs 1970 samdist svo um, að ofangreind 12 m.kr. skuld við Landsvirkjun yrði greidd með þeim hætti, að Vega-sjóður yfirtæki 10 m.kr. lán til 10 ára, en mismunurinn yrði endurgreiddur vaxtalaust á árunum 1971 og 1972. Af þessum sökum þarf fjárveiting til Þjórs-árdalsveggar að hækka um 1.9 m.kr. á árinu 1971 og 2.0 m.kr. á árinu 1972, en eftir það koma aðeins til greiðslur af umræddu 10 m.kr. láni.
3. Svo sem greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1970 var tekið 3 m.kr. bráðabirgðalán til endurbyggingar hluta Landveggar, sem geryðilagðist vorið 1970 vegna umferðar að Heklugosinu. Lán þetta skal endurgreiða á árunum 1971 og 1972, og þarf fjárveiting til Landveggar því að hækka um 1.8 m.kr. af þessum sökum árið 1971, en 1.6 m.kr. árið 1972.
4. Til girðinga og uppgræðslu. Þessi fjárveiting er hvort áranna 1971 og 1972 hækkuð um 17.5%, eða sem nemur hækkun vegagerðarvísitölu.
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl. Þessi liður er hækkaður um 50% árið 1971 og 60% árið 1972 sbr. greinargerð, lið 2.2.3.
6. Til rannsókna á Skeiðarársandi. Fjárveitingin er hækkuð í samræmi við hækkun á vegagerðarvísitölu.
7. Til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum. Með breytingu þeirri á vegalögum, sem samþykkt var í desember s. l., var gert ráð fyrir 39.2 m.kr. hækkun til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum á árinu 1971 og 32.8 m.kr. á árinu 1972. Gert er ráð fyrir, að þessari hækkun ráðstöfunartekna til þjóðbrauta og landsbrauta á árinu 1971 verði skipt til einstakra framkvæmda í þessum vegaflokkum á Alþingi. Skipting þessa fjár fyrir árið 1972 verður ekki gerð að þessu sinni, þar sem vegáætlun fyrir það ár verður endurskoðuð í lok þessa árs í sambandi við samningu nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1972—75.

#### 2.4. Til fjallvega o. fl.

Hækkun á fjárveitingum til aðalfjallvega, annarra fjallvega og reiðvega er fyrir árin 1971 og 1972 miðuð við 13—14%, og er þá gert ráð fyrir meðaltali af hækkun á framkvæmdavísitölu við nýja þjóðvegi og viðhald þjóðvega. Gert er ráð fyrir, að reiðvegir fái hlutfallslega hækkun í framkvæmd, þó að hækkun þar sé aðeins 0.0, þar sem hún nær ekki heilu hundraði þúsunda króna. Hækkun á liðnum „Tryggingagjöld, orlof o. fl.“ verður um 50% miðað við gildandi vegáætlun, eins og nánar er vikið að undir lið 2.2.

#### 2.5 Til brúargerða.

1. Brýr 10 m og lengri.

Hækkanir til brúargerða eru miðaðar við, að unnt sé að gera allar þær brýr, sem eru í áður gerðri vegáætlun.

2. Til smábrúa.

Sbr. lið 1.

### 3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.

Þessi gjöld hækka um 50%, eins og nánar er vikið að undir lið 2.2.

#### 2.6. Til sýsluvegasjóða.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar fyrir vegáætlun 1969—1972 voru heildartekjur sýsluvegasjóðs á árinu 1969 áætlaðar 8.741 þús. kr. Miðað við þá áætlun var í greinargerðinni gert ráð fyrir, að framlag vegasjóðs á árinu 1970 yrði 17.5 m.kr. Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi var framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóða fyrir árin 1970—1972 ákveðið 1 m.kr. hærra með tilliti til þess, að lengd sýsluvega í heild var aukin verulega samkvæmt áætluninni við það, að felldir voru úr tölu þjóðvega vegir að kirkjum, skólum og félagsheimilum.

Raunverulegar innheimtar tekjur sýsluvegasjóða samkvæmt 21. og 23. gr. vegalaga á árinu 1969 reyndust 8.687 þús. kr. og gerir því framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóða á árinu 1970 aðeins betur en að mæta tvöföldu heimaframlagi, að viðbætti þeirri 1 m.kr., sem lögð var fram sérstaklega, eins og að framan greinir. Innheimtar tekjur sýsluvegasjóðanna árið 1968 reyndust 7.622 þús. kr., og gerði því framlag vegasjóðs á árinu 1969 til sýsluvegasjóðanna heldur betur en að mæta tvöföldu heimaframlaginu, þar sem það var 17.1 m.kr. Samkvæmt því stendur vegasjóður ekki í neinni skuld við sýsluvegasjóðina fyrir liðin ár.

Sýsluvegasjóðsgjöld samkvæmt 21. gr. vegalaga fyrir árið 1970 voru miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember 1969, sem var 63.02 kr./klst. Samkvæmt því má gera ráð fyrir, að innheimt sýsluvegasjóðsgjöld samkvæmt 21. gr. og 23. gr. vegalaga á árinu 1970 muni nema 10.1 m.kr. Samkvæmt þeirri áætlun þarf framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1971 að nema 20.2 m.kr. til þess að mæta ákvæðum vegalaganna, en 21.5 m.kr., þegar tekin er með sú 1 m.kr., sem sýsluvegasjóðunum var veitt sem uppbót, eins og að framan greinir. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 23. gr. muni nema um kr. 450 000.00 á árinu 1970, en raunverulegar tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt þessari grein á árinu 1969 reyndust aðeins um kr. 403 000.00.

Á árinu 1971 verða tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 21. gr. innheimtar miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember 1970, en það er kr. 81.23 á klst. eða 28.9% hærra en árið á undan. Samkvæmt því þarf framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna árið 1972 að nema 26.0 m.kr. til þess að uppfylla ákvæði vegalaga, en 27.0 m.kr. að viðbættu 1 m.kr. aukaframlaginu, sem að ofan greinir. Hér er miðað við, að tekjur samkvæmt 23. gr. vegalaga breytist ekki teljandi við væntanlega gildistöku hins nýja fasteignamats.

Samkvæmt framansögðu ætti ráðstöfunarfé sýsluvegasjóðanna á árinu 1971 að nema 34.2 m.kr., en 40.0 m.kr. á árinu 1972.

#### 2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Við endurskoðun þessarar fjárveitingar er gert ráð fyrir því að nota heimild í 1. mgr. 32. gr. vegalaga um að undanskilja framlög til hraðbrautaframkvæmda frá heildartekjum Vegasjóðs, þegar framlag til vega í kaupstöðum og kauptúnum er ákveðið.

Með því að þessu ákvæði sé beitt, hækkar framlag á þessum lið úr 66.1 m.kr. í 85.5 m.kr. fyrir árið 1971.

Fyrir árið 1972 er fjárveitingin til vega í kaupstöðum og kauptúnum 93.5 m.kr. eða 12.5% af heildarframlagi til vegamála það ár, þegar frá hafa verið dregnar fjárveitingar til hraðbrautaframkvæmda.

## 2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

1. og 2. Til véla- og verkfæra- og til byggingar áhaldahúsa er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun fjárveitinga vegna verðbreytinga. Þörf til hækkunar þessarar fjárveitingar er ekki eins brýn á yfirstandandi ári og endranær sökum þess, að hluti af láni því, er ríkisstjórnin tók til hraðbrautaframkvæmda hjá Alþjóða-bankanum, fer til kaupa á vélum vegna vegaviðhalds. Nemur sú fjárhæð alls 45 m.kr. fyrir árið 1971.

## 2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárframlög á þessari grein hækka um 1.4 m.kr. hvort árið í samræmi við hækkun á heildartekjum vegasjóðs og ákvæði 96. gr. vegalaga.

## 2.10. Halli á vegáætlun.

Tekjuhalli á vegáætlun 1969 varð 25.2 m.kr., og greiðist sá halli alveg af auknum tekjum vegasjóðs á árinu 1971.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1970 er gert ráð fyrir, að halli vegasjóðs á því ári verði alls um 73.8 m.kr., og stafar um helmingur þess halla af því, að gert er ráð fyrir, að tekjur vegasjóðs á því ári verði 37.5 m.kr. undir áætlun. Endanleg reikningsskil um tekjur vegasjóðs 1970 liggja þó ekki enn fyrir, en ekki er gert ráð fyrir, að framangreind áætlun breytist verulega.

Miðað við þær tekjuáætlanir vegasjóðs, sem um getur í athugasemdum við kafla I, og sama framlag ríkissjóðs til vegasjóðs á árinu 1972 og á árinu 1971, vantar tæpar 30 m.kr. á, að jöfnuður náist milli tekna og gjalda vegasjóðs á árinu 1972. Vegáætlun fyrir árið 1972 er þó aðeins bráðabirgðaáætlun, sem tekin verður til endurskoðunar við samningu nýrrar vegáætlunar fyrir árin 1972—75 í lok þessa árs.

## IV. UM FLOKKUN VEGA

Breytingar á skilgreiningu Súgandafjarðarvegur (C 21) og Svarfaðardalsvegur (E 5) eru gerðar til samræmis við ákvæði 12. gr. vegalaga um landsbrautir.

Breytingar á skilgreiningu Laxárdalsvegur (E 28) og Fagranesvegur (E 29) eru gerðar til samræmis við skilgreiningu á Hvammavegi (E 27).

Breyting á skilgreiningu Þjórsárdalsvegur (G 21) er gerð í samræmi við ákvæði 12. gr. vegalaga um landsbrautir, þar sem nú er risin upp nokkur byggð við Búrfellsvirkjun.

Breyting á skilgreiningu aðalfjallvegarins um Sprengisandsleið (3.3.4.) er gerð til samræmis við það, að nú hefur verið byggður nýr vegur á vegum Landsvirkjunar frá Þjórsá austan við Búrfellsvirkjun að nýrri brú á Tungnaá hjá Sigöldu og þaðan áfram vestan við Þórisvatn, og þykir rétt að fella þennan nýja veg í Sprengisandsleið. Leiðin um kláfferju á Tungnaá hjá Haldi og Búðaháls færi við það í tölu annarra fjallvega.

Þar sem opnast hefur ný leið af Sprengisandi niður í Skagafjörð með byggingu brúar á Jökulsá eystri á Austari-Bug, þykir eðlilegt að taka þessa álmu í tölu aðalfjallvega.